

Reykjavík, 26. ágúst 2020

Ályktun LÍS um úthlutunarreglur Menntasjóðs námsmanna 2020-2021

Þann 23. júlí voru gefnar út nýjar úthlutunarreglur [Menntasjóðs námsmanna fyrir skólaárið 2020-2021](#). Lögin sjálf um Menntasjóð námsmanna fela í sér ýmsar framfarir fyrir kjör stúdenta: 30% niðurfellingu á höfuðstóli láns sé námi lokið innan tiltekins tímaramma og tilkomu styrkja fyrir framfærslu barna. Þá þætti úthlutunarreglnanna sem varða þessi atriði ber að sjálfsögðu að fagna.

Landssamtök íslenskra stúdenta, hér eftir LÍS, hafa bent á að nýtt lánsjóðskerfi er aðeins til bóta ef þarfar breytingar verða gerðar á úthlutunarreglum sjóðsins. Í [umsögn um frumvarp Menntasjóðsins](#)¹ harma LÍS að ekki hafa verið settar skýrari skorður á hlutverk sjóðstjórnar í ákvörðun úthlutunarreglna. Það var samt sem áður von LÍS að frekari úrbætur á kjörum stúdenta gætu náðst með úthlutunarreglum, en ljóst er að litlar breytingar áttu sér stað utan þess sem stóð beinlínis í lögum. Þar sem ekkert í lögnum kveður á um lágmarksframfærslu eða nein viðmið um útreikning þess, er niðurstaðan sú að framfærslulán eru enn allt of lág.

Vítahringur lágrar framfærslu og frítekjumarks

LÍS hefði viljað sjá tryggingu fyrir nægri framfærslu í lögum, en með úthlutunarreglum 2020-2021 eru stúdentar enn og aftur settir í þá stöðu að þurfa vinna með námi til þess að hafa efni á útgjöldum, hvort heldur til að bæta upp fyrir of lág framfærslulán eða í stað þess að taka lán.

Stúdentar, þ.m.t. [LÍS](#)² og [Stúdentaráð Háskóla Íslands](#),³ hafa bent á þann vítahring sem lántakar lenda í við það að reyna að afla sér tekna til þess að bæta upp fyrir lágum framfærslulánum en að verða svo fyrir skerðingu á lánunum við það að fara yfir leyfilegt frítekjumark sem skilgreint er í úthlutunarreglum. Það er gleðiefni að [krafa LÍS um fimmföldun frítekjumarks](#)⁴ fyrir þá sem koma af atvinnumarkaði sé orðinn að veruleika, en enn er þörf á hækkun frítekjumarksins fyrir þá sem eru í námi sem og að skerðingarhlutfallið lækki. Frítekjumarkið stendur nánast í stað milli ára. Það var 1.300.000 krónur í fyrra og hækkaði um 64.000. Af því leiðir að stúdentar í

¹<https://www.althingi.is/altext/erindi/150/150-683.pdf>

² Ályktun LÍS um breytingartillögur allsherjar- og menntamálanefndar á frunvarpi um Menntasjóð námsmanna, <https://studentar.is/utgefid-efni>

³ <https://www.althingi.is/altext/erindi/150/150-2250.pdf>

⁴ Umsögn Landssamtaka íslenskra stúdenta vegna nýrra úthlutunarreglna Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) 2018 - 2019, <https://studentar.is/utgefid-efni>

hlutastarfi mega allt árið safna sér inn 5000 auka krónum á mánuði, en mánaðarlaun umfram 113.000 krónur koma til þess að skerða framfærslulán um 45%. Það er óásættanlegt.

Grunnframfærsla stenst ekki skoðun

Í úthlutunarreglunum er grunnframfærsla einstaklings í eigin eða leigu húsnæði 189.000 krónur, þar af er gert ráð fyrir 77.000 krónum í húsnæðiskostnað. Í úthlutunarreglum frá 2019-2020 var viðbótarlán vegna húsnæðis 75.000 krónur, svo um örlitla hækkun er að ræða, en hvergi nærri raunverulegum leigukostnaði sem hinn almenni stúdent býr við. Þegar framfærsla stúdenta er ákveðin með tilliti til húsnæðiskostnaðar litu úthlutunarreglur LÍN, og nú Menntasjóðsins, til leigukjara sem bjóðast nánast einungis í stúdentaíbúðum. Það skýtur skökku við þar sem einungis 10% stúdenta búa í slíkum íbúðum. Í úthlutunarreglum verður að miða við raunverulegar aðstæður stúdenta og það er hvorki gert hvað varðar grunnframfærslu né lán vegna húsnæðis. Til að mynda má reikna út frá tölum [Þjóðskrár um meðal leiguverð það sem af er ári 2020](#)⁵ að stúdíó íbúð á höfuðborgarsvæðinu kosti um 150.000 krónur á mánuði. Fulltrúar stúdenta í stjórn LÍN hafa löngum talað fyrir því að framfærslugrunnur vegna húsnæðis verði endurreiknaður en hefur enn sem komið er talað fyrir daufum eyrum.

Samspil framfærslu og frítekjumarks og samanburður við aðra hópa

Áætlaðar ráðstöfunartekjur námsmanns (einstaklings í leiguhúsnæði) sem vinnur sér inn upp að, en ekki yfir, frítekjumarki eru 249.438. Þessi upphæð er langt fyrir neðan lágmarkslaun, [sem eru almennt rúmar 300.000](#)⁶, og atvinnuleysibætur, [sem eru 289.510 kr. á mánuði miðað við 100% bótarétt](#).⁷ Ljóst er að framfærslulán verður að hækka til þess að stúdentar geti framfleytt sér og að raunverulega sé hægt að tala um jafnrétti til náms á Íslandi.

Fyrir hönd Landssamtaka íslenskra stúdenta



Jóhanna Ásgeirsdóttir, forseti

⁵Tölur fengust í Excel skjali sem er fáanlegt hér:

<https://www.skra.is/um-okkur/frettir/frett/2020/05/20/Upplysingar-um-leiguverd-ibudarhusnaedis-i-april-2020/>

⁶ <https://www.fjs.is/utgefid-efni/launatoflur/launatoflur-2020/>

⁷ <https://vinnumalastofnun.is/atvinnuleitandi/fjarhaedir-og-greidslur-atvinnuleysisbota/fjarhaedir-atvinnuleysisbota>